

Teiknistofa Norðurlands slf.  
Arnar Birgir Ólafsson  
Glerárgötu 36  
600 Akureyri

Reykjavík 6. maí 2019  
UST201904-078/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Deiliskipulag - notkun á grjóti - Borgarvirki í Húnaþingi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Teiknistofu Norðurlands slf. dags. 3. apríl sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða endurbætur á stígum, tröppum og nánasta umhverfi Borgarvirkis, en land er þarna farið að láta nokkuð ásjá. Ráðgert er að gera nýtt bílastæði og bæta aðstöðu fyrir ferðamenn. Grjót í framkvæmdina verður að nokkru aflað á svæðinu sjálfu þó án þess að raska ásjón þess.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um metnaðarfullar framkvæmdir að ræða sem að öllum líkindum mun verða til verulegra bóta fyrir svæðið bæði m.t.t. minja og aðstöðu ferðamanna. Greinargerð og fylgiskjöl eru mjög vönduð og ítarleg.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur